

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

---

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2012“ í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: 31. desember 2015.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Er frumvarpið unnið á þeim grunni í innanríkisráðuneytinu. Er lagt til að 1. tölul. bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 153/2006 verði breytt þannig að í stað dagsetningarinnar 31. desember 2012 komi 31. desember 2015. Er það gert í þeim tilgangi að veita þeim sveitarfélögum, sem ekki hafa enn lokið framkvæmdum við lagningu bundins slitlags á eldri götur, aukið svigrúm til að ljúka því verkefni og fjármagna framkvæmdir með álagningu og innheimtu svokallaðs B-gatnagerðargjalds á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögnum. Bráðabirgðaákvæðið hefur verið í lögum frá setningu laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, og gildir það aðeins um lóðir sem úthlutað var eða veitt var byggingarleyfi fyrir 1. janúar 1997. Heimild til gjaldtöku þess var framlengd við gildistöku núgildandi laga nr. 153/2006, en átti að falla úr gildi í árslok 2009. Í kjölfar efnahagshrunsins var gildistími bráðabirgðaákvæðisins framlengdur til ársloka 2012 með lögum nr. 6/2009, til að auðvelda sveitarfélögum að bregðast við áföllum vegna tekjumissis og þyngri greiðslubyrði af lánum og að laga framkvæmdahraða að efnahagsástandinu. Ástæða þess að gildistími 1. tölul. bráðabirgðaákvæðisins er nú framlengdur til 31. desember 2015 er sú, að sögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, að komið hafi fram eindregnar óskir frá sveitarfélögum á landsbyggðinni sem ekki sjá fram á að geta lokið öllum gatnagerðarframkvæmdum fyrir lok 2012. Í þeim hópi eru sveitarfélög sem hafi þurft að skera verulega niður í sínum rekstri á undanförunum árum vegna bágrar fjárhagsstöðu og hafi fjármagn til gatnagerðarframkvæmda því verið lítið sem ekkert. Innanríkisráðuneytið fellst á þessi sjónarmið. Ráðuneytið væntir þess að sveitarfélög leggi fram áætlun um lok gatnagerðarframkvæmda skv. 1. tölul. bráðabirgðaákvæðis í lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, og að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi milligöngu um að kynna ráðuneytinu þær áætlanir.

**Fylgiskjal.**

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gatnagerðargjald,  
nr. 153/2006, með síðari breytingum.**

Frumvarpi þessu er ætlað að auka svigrúm þeirra sveitarfélaga sem hafa átt við fjárhagslega örðugleika að etja og þurft að skera niður í rekstri sínum og ekki haft fjármuni til að ljúka gatnagerðarframkvæmdum. Er hér um að ræða álagningu og innheimtu svokallaðs B-gatnagerðargjalds á grundvelli laga nr. 51/1974, en með bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum hefur sveitarfélögum verið veitt heimild til að nýta nefnd ákvæði eldri laga.

Samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðarmati innanríkisráðuneytis er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög sem geti nýtt sér umrædda heimild og innheimt til áramóta yfirstandandi árs samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu verði af tæplega 214 m.kr. tekjum komi ekki til framan- greindrar lagabreytingar.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs.